

## Foreldrafélag leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Þriðji fundur skólaársins 2016-2017

11. janúar 2017

Kl. 20.30-22.10

Mætt: Inga María Sigurðardóttir, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Anna Rósa Guðmundsdóttir, Ásta Jóna Ásmundsdóttir, Guðlaug Ásmundsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Sigurður Tómasson og Sunneva Hlín Skúladóttir.

Fundarefni:

- Fræðslufundur og spilakvöld: Til stendur að vera með viðburði bæði í febrúar og mars, nánari upplýsingar koma síðar í gegnum samfélagsmiðla og tölvupóst.
- Vorhátíð: Með fyrirvara verður vorhátíðin haldin þriðjudaginn 30. maí frá kl. 17-19. Ýmsir skemmtikraftar voru nefndir til sögunnar, nánari upplýsingar koma síðar, en víst er að þetta verður frábær skemmtun.
- Fjármálastaðan rædd stuttlega, flestar fjölskyldur hafa greitt árgjaldið og leitað verður aukalega styrkja til að halda glæsilega vorhátíð. Inneign foreldrafélagsins er í kringum 200 þúsund krónur eins og staðan er núna. Farið yfir helstu kostnaðarliði undanfarið (Leikrit í tösku, jólasveinninn, gjafir).
- Önnur mál:
  - Sigríður Lára, sviðsstjóri í Heiðarskóla, mun boða til fundar í Skólaráði á næstunni. Inga María og María fá fundarboð.
  - Fyrirspurn barst um opið hús fyrir grunnskólabörn in í Heiðarborg. Samþykkt að benda viðkomandi á að bera þetta upp við Félagsmiðstöðina 301.
  - Fyrirspurn barst um tómstundastyrk hjá sveitarfélaginu. Bent var á <http://hvalfjardarsveit.is/efni/t%C3%B3mstundastyrkir>. Foreldrum er bent á að nýta sér þessa frábæru þjónustu.

Guðlaug Ásmundsdóttir ritaði fundargerð.